

5. fundur stjórnar AÐ, starfsárið 2013-2014

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík þriðjudaginn 27. maí 2014 kl. 13:00.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Haraldur Bóasson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur 2013

Fyrir liggur endurskoðaður ársreikningur 2013 sem kynntur var á síðasta stjórnarfundi. Rekstrartekjur námu 30,4 mkr. og rekstrargjöld 30,8 mkr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 0,7 mkr. og rekstrarafgangur ársins rúmar 300 þús. kr. Niðurstöðutala efnahagsreiknings er 26,1 mkr. Fastafjármunir eru 5,1 mkr. og veltufé 21,0 mkr., þar ef handbært fé 15,1 mkr. Eigið fé er 1,9 mkr. og skuldir og skuldbindingar samtals 24,2 mkr. en þar ef eru skuldbindingar vegna yfirtöku eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs 17,5 mkr.

Að yfirferð lokinni var ársreikningurinn samþykktur og undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Endurskoðunarbréf liggur ekki fyrir en verður sent stjórnarmönnum og tekið fyrir á næsta fundi stjórnar.

2. Ársreikningur Vaxtarsamnings Norðausturlands 2013

Fyrir liggur endurskoðaður ársreikningur vaxtarsamnings sem kynntur var á síðasta stjórnarfundi.

Að yfirferð lokinni var ársreikningurinn samþykktur og áritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

3. Hlutfjárkaup í Víkurskel ehf.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefnum Víkurskeljar ehf. sem stendur fyrir tilrauneldi á ostrum í Skjálfanda. Félagið hefur fengið tvo styrki frá vaxtarsamningi, 2012 og 2013 en fjármagna þarf reksturinn fram að fyrstu tekjumyndum sem gert er ráð fyrir að verði árið 2016. Skv. áætlunum þarf um 20 mkr. og hefur málið m.a. verið rætt við Tækifæri hf. og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins en hvorugur sjóðurinn hefur verið reiðubúinn til þátttöku að sinni þó verkefnið þyki áhugavert. Starfsmenn AÐ eru að vinna að viðskiptaáætlun fyrir félagið sem gert er ráð fyrir að leggja fyrir fjárfesta með haustinu.

Stjórnin samþykkir að kaupa hlutfé í félaginu að nafnvirði kr. 50 þús. fyrir allt að 3 mkr. sem greiddar verði með fjórum jöfnum mánaðargreiðslum (júní – sept.) á grundvelli sérstaks samkomulags sem gert verði við félagið þar sem m.a. verði tekið á aðkomu að helstu ákvörðunum þess, þ.m.t. ráðstöfun fjármuna.

4. Verkefnisstjórn Vaxtarsamnings Norðausturlands

Staðfest tilnefning í verkefnisstjórn vaxtarsamnings fyrir árið 2014 sem afgreidd var með tölvupósti í síðustu viku en um óbreytta verkefnisstjórn er að ræða.

Tilnefnd eru: Kristján Þ Halldórsson, formaður
Hilmar Dúi Björgvinsson
Óli Halldórsson
Ólína Arnkelsdóttir
Sigríður Ingvarsdóttir

Eyþing er nú samningsaðili við ríkisvaldið vegna vaxtarsamninga á starfssvæði samtakanna en árið 2014 verður framkvæmd vaxtarsamningsins fyrir starfssvæði félagsins óbreytt frá fyrri samningi. Samtökin hafa óskað eftir tilnefningu atvinnuþróunarfélagsins í verkefnisstjórnina en gert er ráð fyrir að gengið verði frá formlegum samningi félagsins við samtökin um framkvæmd og umsjón vaxtarsamningsins.

5. Önnur mál

Samþykkt að leggja til samþykktarbreytingu á aðalfundi félagsins 25. júní nk. þar sem heimilað verði að boða til hluthafafunda með tölvupósti. Framkvæmdastjóra falið að útfæra tillöguna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:45